

Alþingi  
Erindi nr. P 139/246  
komudagur 10. 2. 2011



AKUREYRARBÆR  
Skipulagsdeild

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 9. febrúar 2011  
2011010141 01-106-05


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.**

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar tók til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum 113. mál og bókaði eftirfarandi:

“Erindi dags. 25.01.2011 frá Kristjönu Benediktsdóttur f.h. Umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010.

*Skipulagsnefnd telur breytinguna ekki til þess fallna að auka skilvirkni varðandi staðfestingu á aðalskipulagi eða á aðalskipulagsbreytingu telji Skipulagsstofnun að synja beri tillögu þar sem ekki er gert ráð fyrir valdsframsali af hálfu ráðherra. Samkvæmt breytingartillögunni getur ráðherra samt sem áður fellt úr gildi aðalskipulag eða aðalskipulagsbreytingu að loknum tímafresti sem gefinn er í frumvarpinu. Að því leyti hefur frumvarpið takmarkað gildi. Skipulagsnefnd er þó sammála því að rétt sé að setja tímafrest á ákvörðun ráðherra en telur að fyrrgreindur tímafrestur sé of knappur og leggur því til að frestur ráðherra til að afgreiða tillögur þar sem Skipulagsstofnun fer fram á synjun verði þrjú mánuðir frá því ráðuneyti berst tillaga. Í gildandi skipulagslögum hefur Skipulagsstofnun þrjár vikur til afgreiðslu skipulagstillagna sem er lengri tími en var í eldri lögum. Því er lagt til að Skipulagsstofnun verði settur 7 daga frestur frá móttöku á deiliskipulagi til að tilkynna sveitarstjórn ef hún hyggst taka deiliskipulag til frekari skoðunar. Ef sveitarstjórn berst ekki slík tilkynning innan frestsins verði henni heimilt að auglýsa gildistöku deiliskipulagsins.”*

Virðingarfyllt,

  
Pétur Bolli Jóhannesson  
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar



SKIPULAGSDEILD



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1289*  
*komudagur 11.2.2011*

*Alþingi*

*Austurstræti 6-8*  
*150 Reykjavík*

Reykholti, 11. febrúar 2011  
1102001 SHJ


**Efni: Umsögn um 113. þingmál**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 3. febrúar 2011 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

**Umhverfisnefnd Alþingis, 113. þingmál.**

*Sveitarstjórn tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins og telur það mjög til bóta.*


Virðingarfyllst,



Valtýr Valtýsson  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/135/  
komudagur 15.2.2011

Fjallabyggð



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 15.02.2011  
1101141 / VPH

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2010

139. löggjafafæring 2010-2011.  
Þskj. 122 – 113. mál.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með staðfestingu, synjun eða frestum staðfestingar þess að öllu leyti eða hluta að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.*

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar hefur farið yfir ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemd við 1. gr. lið a.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að sveitarstjórn geti ákveðið að aðalskipulag taki gildi hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt það innan fjögurra vikna frá því að það berst þeim. Þá er spurt, gefi sveitarstjórn út framkvæmdaleyfi s.kv. aðalskipulagi sem ekki hefur fengið staðfestingu Skipulagsstofnunar en Skipulagsstofnun hafni aðalskipulagi síðar á einhverjum forsendum, er hætt við að sveitafélag verði bótaskyld vegna sinnar ákvörðunar?

Virðingarfyllt,

Valur Þór Hilmarsson  
umhverfisfulltrúi

# Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað · Lyngáslí 12 · 700 Egilsstaðir · sími 4 700 700 · fax 4 700 701 · www.fljotsdalsherad.is



Ívergi annars staðar

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1222  
komudagur 7. 2. 2011

Fljótsdalshéraði, 03.02 2011  
nr. erindis 201101132 ÓPB

Á 44. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Fljótsdalshéraðs 26.01.2011 var tekið fyrir neðangreint erindi.

## Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010


Lagt er fram þingskjal 122 - 113. mál, sem er frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 og óskað eftir umsögn sveitarstjórnar þar um.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við ofangreint frumvarp.

Bókun þessi var staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, þann 02.02 2011.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulags- og mannvirkjanefndar

  
Ómar Þróstur Björgólfsson

SKIPULAGS- OG  
MANNVIRKJANEFND  
FLJÓTSDALSHÉRAÐS



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1221  
komudagur 7.2.2011

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg, 3. febrúar 2011

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 2. febrúar s.l. var lagt fram erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 26. janúar 2011 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna frumvarps til laga um breytingar á skipulagslögum.

Sveitarstjórn tekur undir frumvarpið og mælist til að það verði samþykkt.


Virðingarfyllst,  
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps



SVEITARSTJÓRI

GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPS

*Ingibjörg Harðardóttir*  
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



HAFNARFJARÐARBÆR  
Skipulags- og byggingarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1247  
komudagur 10.2.2011

Dagsetning  
08.02.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarfjarðarbær hefur borist til umsagnar mál nr. 113, frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (skilvirkari afgreiðsla aðalskipulags). Málið var til umfjöllunar á fundi skipulags- og byggingarráðs 01.01.2011 og var afgreiðsla þess á þessa leið:

*Skipulags- og byggingarráð telur breytingartillöguna mjög til bóta og gefur jákvæða umsögn um frumvarpið.*

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarki Jóhannesson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,  
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1245  
Málágur 10.2.2011



MOSFELLSBÆR

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 09.02.2011  
nr. erindis 201101422 fb

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á Skipulagslögum, 113. mál.

### Inngangur

Undirrituðum hefur verið falið að semja og senda f.h. Mosfellsbæjar umsögn um ofangreint frumvarp, sbr. bréf yðar frá 26. janúar 2011.

Breytingar á lögnum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

- Umhverfisráðherra verði skammtaður fjögurra vikna frestur til að afgreiða tillögu að aðalskipulagi, sem Skipulagsstofnun hefur vísað til hans.
- Dragist afgreiðsla aðalskipulags hjá Skipulagsstofnun eða ráðherra fram yfir fjórar vikur, verði sveitarfélagi heimilt að ákveða að skipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar eða ráðherra liggur fyrir.


Í gildandi Skipulagslögum er ekki tilgreindur neinn frestur sem ráðherra hafi í slíkum tilvikum, en Skipulagsstofnun eru skammtaðar fjórar vikur. Ekki er kveðið á um það hvað gerist ef sá frestur er ekki virtur.

### Umsögn

Ekki er lagst gegn því að ákveðinn verði í Skipulagslögum frestur fyrir ráðherra til að taka ákvörðun um staðfestingu aðalskipulags eða synjun á henni, enda eru öllum öðrum aðilum sem koma að skipulagsferlinu á fyrri stigum settir tímafrestir í lögnum. Fjögurra vikna frestur virðist þó vera mjög naumt skammtaður, hvort heldur er fyrir afgreiðslu Skipulagsstofnunar eða ráðuneytisins, þar sem gera má ráð fyrir því að í einstökum tilvikum geti umfjöllun um slík mál hæglega krafist meiri tíma af fullkomlega eðlilegum ástæðum.

Hinsvegar er ekki hægt að mæla með því að sveitarfélag geti, ef ákvörðun yfirvalda dregst, látið aðalskipulagið „taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar/ráðherra liggur fyrir.“ Vandséð er hverjum þetta ætti að gagnast og það væri ekki til vitnis um stjórnfestu eða góða stjórnsýslu, að setja í gildi aðalskipulag, sem hugsanlega yrði fellt aftur úr gildi að nokkrum dögum eða vikum liðnum með ákvörðun æðra stjórnvalds.

F.h. Mosfellsbæjar,

  
Finnur Birgisson  
skipulagsfulltrúi.



**NORÐURÞING**

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

Alþingi

Erindi nr. *Þ 139/1477*

komudagur *25.2.2011*

Alþingi  
nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Húsavík, 24. febrúar 2011  
nr. erindis 201101072

Efni: Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings tók fyrir á fundi sínum 15. febrúar s.l. erindi yðar til nefndarinnar og afgreiðsla hennar var eftirfarandi:

- **Alþingi, ósk um umsögn v/breytinga á skipulagslögum, 113. mál**

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, þingskjal 122 - 113. mál.

**Nefndin telur framlagðar breytingar til bóta og veitir því jákvæða umsögn um frumvarpið.**

Bæjarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 22. febrúar s.l. afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar.

Virðingarfyllt,

  
**NORÐURÞING**

Óskar Óli Jónsson  
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa





# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Selfossi, 15. febrúar 2011

1010005SA ÞH

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 139/1352*

*komudagur 15.2.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, 113. mál**

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 11. febrúar sl., var eftirfarandi umsögn samþykkt:

„Stjórn SASS tekur eindregið undir efni frumvarpsins og hvetur til þess að það verði samþykkt.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1224  
komudagur 7.2.2011



2011010108  
9140

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2011

/--

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, 113. mál**

Vísað er til erindis Nefndasviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 113. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að breyting verði m.a. gerð á 32. gr. laganna þannig að við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með staðfestingu, synjun eða frestun staðfestingar þess að öllu leyti eða hluta að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.

Í greinargerð kemur fram að töluverð umræða hafi verið um tafir á afgreiðslu tillagna að aðalskipulagi fyrir ýmis sveitarfélög hjá Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti.

Rétt er að benda á að Skipulagsstofnun hefur árlega síðustu ár afgreitt um 80 aðalskipulagsáætlanir og breytingar á þeim til staðfestingar og 10 svæðisskipulagsáætlanir og breytingar. Í 4 - 6 tilvikum á ári hefur stofnunin þurft að taka sér lengri frest en tilskilinn er í lögum og hefur þá alltaf tilkynnt sveitarfélaginu að stofnunin þurfi 3 - 8 vikur til viðbótar vegna sérstakra aðstæðna sbr. meðfylgjandi yfirlit. Í þeim tilvikum sem Skipulagsstofnun hefur þurft lengri tíma til að afgreiða aðalskipulag til staðfestingar er um að ræða umfangsmikil og flókin mál og/eða erfiða verkefnastöðu. Skipulagsstofnun telur að ef frumvarpið verður samþykkt og aðalskipulagsáætlanir geti tekið gildi án þess að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið geti skapast ákveðið réttaróryggi og lagabreytingin því síður en svo fallin til þess að tryggja vandaðri vinnubrögð og skilvirkari afgreiðslu á aðalskipulagi sveitarfélaga.

Stefán Thors

Heiti skipulags	Tegund afgreiðslu	Tilkynning + Ástæður dráttar	Tímalengd afgreiðslu	Númer máls
<b>2008 = 2 heil ASK og 3 breytingar</b>				
ASK Reykjanesbæjar	fyrir auglýsingu	18/12'08 - umfang ASK og jóla	innkomið 16/12'08 svarað 29/1'09	2007010069
ASK Grímsnes- og Grafninsghr.	fyrir auglýsingu	18/12'08 - umfang ASK og jóla	innkomið 18/12'08 svarað 26/1'09	2007060085
br-ask Skeiða- og Gnúp., virkjanir í Þjórsá	til staðfestingar	7/8'08 - umfang, fjöldi athugasemda, sumarleyfi	innkomið 14/7'08 svarað 22/9'08	2006100083
br-ask Ölfuss, Hverahlíð, Bitra, Suðrlandsvegur o.s.frv.	til staðfestingar	3/10'08 - umfang, fjöldi athugasemda, vantar skýringar	innkomið 16/9'08 svarað 31/10'08	2007020045
br-ask Kópavogsbæjar, Glaðheimar	til staðfestingar	15/12'08 - umfang	innkomið 27/11'08 svarað 30/1'09	2006080074
<b>2009 = 5 heil ASK</b>				
ASK Skagafjarðar	fyrir auglýsingu	18/3'09 - umfang gagna, þung verkefnastaða	innkomið 20/2'09 svarað 3/4'09	2003070047
ASK Skagafjarðar	til staðfestingar	8/10'09 - umfang gagna og athugasemda	innkomið 18/9'09 svarað 6/11'09 * vegna fundar m. Vegagerð	2003070047
ASK Djúpavogshrepps	fyrir auglýsingu	24/3'09 - umfang gagna, þung verkefnastaða	innkomið 27/2'09 svarað 17/4'09	2000010074
ASK Dalvíkurbyggðar	til staðfestingar	16/7'09 - umfang gagna og sumarleyfi	innkomið 13/7'09 svarað 18/8'09	2003120008
ASK Árneshrepps	fyrir auglýsingu	2/10'09 - umfang gagna og þung verkefnastaða	innkomið 3/9'09 svarað 16/10'09	2005060026
<b>2010 = 4 heil ASK</b>				
ASK Reykjanesbæjar	til staðfestingar	23/4'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga (páskar)	innkomið 31/3'10 svarað 18/6'10 * vantaði samþ. sveitarf. + gögn	2007010069
ASK Strandabyggðar	fyrir auglýsingu	23/4'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga (páskar)	innkomið 29/3'10 svarað 14/5'10	2006020041

ASK Árborgar	fyrir auglýsingu	23/4'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða í aðdraganda sveitarstjórnarkosni nga (páskar)	innkomið 29/3'10 svarað 20/5'10	2009120025
ASK Rangárbings ytra	til staðfestingar	24/6'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða, sumarleyfi	innkomið 3/6'10 svarað 8/7'10	2008120007